



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

**BS ritgerð  
í sálfræði**

**Ósýnileiki eikynhneigðar**  
Þekking og viðhorf á eikynhneigð

**Elín Ágústa Birgisdóttir  
Harpa Hreinsdóttir**

Leiðbeinandi: Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir, sálfræðingur  
Júní 2023

**SÁLFRÆÐIDEILD**

# Ósýnileiki eikynhneigðar

## Þekking og viðhorf á eikynhneigð

Elín Ágústa Birgisdóttir  
Harpa Hreinsdóttir

Lokaverkefni til BS- prófs í sálfræði  
Leiðbeinandi: Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir, sálfræðingur

Sálfræðideild  
Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2023

Ósýnileiki eikynhneigðar, þekking og viðhorf á eikynhneigð

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BS-prófs  
við sálfræðideild á heilbrigðissviði Háskóla Íslands

© 2023 Elín Ágústa Birgisdóttir, Harpa Hreinsdóttir  
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

## Ágrip

Umræða um kynhneigð hefur aukist undanfarin ár en þar virðist vanta umfjöllun um eikynhneigð. Eikynhneigð er kynhneigð þar sem fólk finnur almennt ekki fyrir rómantískri eða kynferðislegri löngun gagnvart öðru fólki. Hún er oft talin vera ósýnileg í samfélagslegu umhverfi nútímans og fyrirfinnst varla í fjölmiðlum. Tilgangur verkefnisins var að kanna þekkingu og viðhorf til eikynhneigðar, en tilgátur rannsakenda voru að þekking á hugtakinu væri almennt lítil og að litlar undirtektir væru fyrir frekari umfjöllun á málefnum. Könnun sem rannsakendur sömdu var send á alla grunnema Háskóla Íslands og deilt á Facebook-síðum rannsakenda og opnum Facebook-hópum. Samtals fengust 750 nothæf svör. Meirihluti þátttakenda voru konur á aldrinum 20-29 ára. Tilgátur rannsakenda stóðust ekki þar sem mikill meirihluti þátttakenda kannaðist við hugtakið en við því var ekki búist. Niðurstöður viðhorfsspurninga sýndu að þátttakendur voru almennt jákvæð gagnvart hugtakinu en þó mátti finna dulda fordóma í ákveðnum svörum. Augljóst er að það er grundvöllur fyrir frekari umfjöllun og sýnileika á málefnum eikynhneigðra í samfélaginu og fjölmiðlum.

*Lykilorð:* Eikynhneigð, einmanaleiki, fjölmiðlar, fordómar, hinsegin, kynhneigð, norm, ósýnileiki.

## **Þakkarorð**

Við viljum þakka Aldísi Þorbjörgu Ólafsdóttur, leiðbeinanda verkefnisins fyrir ómældan stuðning og áhuga á verkefninu. Þekking hennar á málefninu skipti sköpum í vinnslu verkefnisins og við erum henni ævinlega þakklátar fyrir að hafa tekið okkur að sér. Auk þess viljum við þakka fjölskyldum og vinum sem sýndu verkefninu áhuga og voru dugleg að hvetja okkur áfram. Ian, kærasti Elínar, fær sérstakar þakkir fyrir að elda fyrir okkur á löngum vinnukvöldum.

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	7
Ósýnileiki.....	8
Sjúkdómsvæðing.....	9
Fjölmíðlar.....	10
Upplifun eikynhneigðra.....	12
<b>Könnun</b> .....	14
Þátttakendur.....	14
Mælitæki.....	14
Framkvæmd.....	14
Úrvinnsla gagna.....	15
<b>Niðurstöður</b> .....	15
<b>Umræða</b> .....	20
<b>Heimildaskrá</b> .....	24
<b>Viðauki I</b> .....	28
<b>Viðauki II</b> .....	29

## Inngangur

Umræða um kynhneigð hefur aukist og verið meira áberandi á Íslandi síðastliðin ár. Fyrir örfáum árum virtust orðin gagnkynhneigð, samkynhneigð og stundum tvíkynhneigð vera þau einu sem voru til staðar í tungumálinu til að lýsa kynhneigð. Á síðustu árum hefur orðið vitundarvakning þegar kemur að umræðu um kyn og kynhneigð. Kennslufni og fjölmiðlar hafa í síauknum mæli fjallað um fleiri kyn en bara karla og konur og með því hafa orð eins og pankynhneigð orðið til og notað í daglegu tali en það vísar til einstaklinga sem telja sig færa um að laðast að manneskju óháð kyni (Belous og Bauman, 2017). Það virðist sem samfélagið sé orðið opnara fyrir því að fólk sé allskonar og geti laðast að fólki burtséð frá kyni þeirra og kynhneigð. Minna hefur borið á því í þessari umræðu að sumt fólk laðist ekki að neinum. Asexuality Visibility og Education Network (AVEN), sem er stærsta og frægasta samfélag eikynhneigðra á netinu skilgreinir eikynhneigð sem skort á kynferðislegri löngun (The Asexual Visibility and Education Network, e.d.). Sumir eikynhneigðir einstaklingar upplifa það að laðast rómantískt að öðru fólki og/eða vilja tilfinningalega nánd en laðast ekki kynferðislega að öðrum (Brotto o.fl., 2010).

Þótt eikynhneigð sé ekki nýtt fyrirbæri þegar kemur að mannlegri kynhneigð eru ekki nema innan við 20 ár síðan fyrsta rannsóknin var framkvæmd en hún var gerð í Bretlandi af sálfræðingnum Bogaert (2004). Var það líkindarannsókn á átján þúsund einstaklingum sem leiddi í ljós að um það bil eitt prósent íbúa skilgreindi sig sem eikynhneigða. Bogaert skilgreindi eikynhneigð sem skort á hefðbundinni kynhneigð þar sem einstaklingur virðist hafa litla sem enga kynferðislega löngun til karla eða kvenna. Rannsóknir Bogaerts hjálpuðu til við að vekja athygli vísindasamfélagsins á eikynhneigð. Síðan þá hefur rannsóknum á eikynhneigð farið fjölgandi. Ein þeirra skoðaði upplifun eikynhneigðra og þar kom fram að þátttakendur rannsóknarinnar upplifðu oft höfnun frá samfélaginu sem gerði það að verkum að þau völdu að segja ekki frá kynhneigð sinni í skóla, vinnu og öðru félagslegu umhverfi heldur sýndu þá hegðun sem samfélagið bjóst við af þeim (MacInnis og Hodson, 2012). Almennt er gert ráð fyrir því að fólk sé kynverur sem veldur því að eikynhneigð fá skilaboð úr öllum áttum um að þau séu ógild innan samfélagsins og kynhneigð þeirra afneitað. Fyrir vikið geta eikynhneigð ekki staðið undir félagslegum væntingum, er þeim þar með útskúfað og þau gerð ósýnileg (Foster, 2017).

Guz o.fl. (2022) gerðu kerfisbundna samantekt á birtum vísindagreinum sem fjalla um eikynhneigð frá árinu 2004 til ágúst 2021. Komust þær að þeirri niðurstöðu að rannsóknir sem gerðar voru á árunum 2004-2016 einblíndu að mestu leyti á einkenni eikynhneigðar og mögulegra sálrænna ástæðna hennar. Eftir 2016 hafa rannsóknir að mestu snúist um að skoða lífsreynslu eikynhneigðra með tilliti til sjálfsmýndar, pólitískrar virkni þeirra og hvernig eikynhneigðir einstaklingar finna hvert annað til að mynda samfélag. Guz og samstarfsfélagar leggja til að framtíðarrannsóknir skoði hvaða áhrif fordómar hafa í því hvernig eikynhneigð passa inn í samfélagið og hugsanleg áhrif þeirra á andlega og líkamlega heilsu. Árið 2018 gaf breska ríkisstjórnin út niðurstöður úr könnun um líðan hinsegin fólks í Bretlandi. Þar kom fram að eikynhneigð forðudust að koma út úr skápnum vegna ótta við viðbrögð annarra (Government Equalities Office, 2018). Í rannsókn sinni á fordómum í garð eikynhneigðra fann Karen Cuthbert (2021) kynjamun á upplifun eikynhneigðra þar sem konur mættu meira mótlæti en karlar frá samfélaginu. Eikynhneigðar konur upplifðu það að ekki væri tekið mark á kynhneigð þeirra. Líklega má rekja niðurstöðurnar til þeirra viðteknu viðhorfa að konur væru minni kynverur og hefðu því ekki eins mikinn áhuga á kynlífi og karlar. Hún greindi einnig frá því að þegar karlar mættu mótlæti vegna kynhneigðar sinnar væri viðmótið að þeir væru í raun að hylma yfir afbrigðilega kynhegðun. Í nýlegri rannsókn Su og Zheng (2023) var eikynhneigð skoðuð í Kína með tilliti til sjálfsmýndar, kynferðislegra og rómantískra langana. Niðurstöður þeirra voru í samræmi við þær rannsóknir sem hafa verið gerðar í hinum vestræna heimi. Þetta rennir stöðum undir það að eikynhneigð sé ekki breytileg milli menningarheima.

### *Ósýnileiki*

Ósýnileiki er það hugtak sem oftast kemur upp í tengslum við eikynhneigð. Í bók sinni kallaði Decker (2015) eikynhneigð hina ósýnilegu kynhneigð. Það er margt sem bendir til þess að eikynhneigðir einstaklingar eigi í hættu á að aðrir geri lítið úr kynhneigð þeirra eða neiti að trú á réttmæti hennar (Robbins o.fl., 2016). Þessum ósýnileika er viðhaldið með gagnkynhneigðarhyggju (e. heteronormativity) sem er samfélagslegt kerfi viðmiða sem lítur á gagnkynhneigð sem eðlilega og æðri öðrum kynhneigðum (Robinson, 2016). Það að stunda kynlíf er talið jákvætt, heilbrigt og eftirsóknarvert í nútímasamfélagi, því eru almenn viðhorf oft á þann veg að það séu raskanir eða frávik sem valdi því að eikynhneigð hafi ekki áhuga á kynlífi (Yule o.fl., 2013). Prause og Graham (2007) greindu frá því að eikynhneigðir þátttakendur í rannsókn þeirra fundu fyrir neikvæðu viðhorfi almennings í garð þeirra ásamt þrýstingi að aðlaga sig að því almenna viðhorfi að fólk sé kynverur. Slík viðhorf hindra að



einstaklingar líti á eikynhneigð sem hluta af sjálfsmynd sinni. Þess vegna er mikilvægt að skilja hvernig eikynhneigð þróast sem hluti af sjálfsmynd í samfélagi þar sem gagnkynhneigðarhyggja og sú ályktun að allir séu kynverur eru ríkjandi norm (Mollet, 2023).

Rannsókn sem kannaði þróun sjálfsmyndar hjá eikynhneigðum leiddi í ljós að helmingur þátttakenda hafði notað aðra skilgreiningu yfir kynhneigð sína fyrr á ævinni. Er talið að ósýnileiki hugtaksins geti gert það að verkum að einstaklingar noti frekar aðrar skilgreiningar á kynhneigð sem þau þekkja til (Winer o.fl., 2022). Ein rannsókn kannaði hvaða þýðingu það hafði fyrir fólk að nota rétta skilgreiningu á kynhneigð sinni, þ.e. að skilgreina sig sem eikynhneigða, auk þess að skoða hvaða áhrif sú skilgreining hafði á aðra þætti sjálfsins. Niðurstöður gáfu til kynna að í sínu einkalífi væru flestir þátttakenda sátt við að skilgreina sig sem eikynhneigð og fannst það hugtak samsvara sinni upplifun. Hinsvegar væri ósýnileiki hugtaksins og höfnun frá samfélaginu ennþá mikil áskorun (MacNeela og Murphy, 2015). MacInnis og Hodson (2012) komust að því í rannsókn sinni á fordómum gagnvart eikynhneigðum að gagnkynhneigðir þátttakendur voru viljugri til að mismuna ímynduðum meðlimum hóps sem höfðu ekki áhuga á kynferðislegri snertingu en meðlimum úr ímynduðum hóp samkynhneigðra. Niðurstöður þeirra sýndu einnig fram á að eikynhneigð væru líklegri til að vera álitin ómannleg, jafnvel dýrsleg eða eins og vélar í samanburði við aðra kynferðislega minnihlutahópa. Slíkir fordómar geta gert það að verkum að fólk forðist að skilgreina sig sem eikynhneigð sem ýtir undir ósýnileika hópsins.

### *Sjúkdómsvæðing*

Greiningarviðmið fyrir lága kynlöngun má finna í DSM-5 fyrir bæði konur og karla. Greiningarviðmið eru mjög svipuð en þó aðeins ítarlegri fyrir konur. Helstu einkenni sem eiga við um konur og karla eru skortur á löngun og vilja til kynferðislegra athafna, hugsana eða ímyndana. Einkenni hjá konum geta líka verið minnkuð örvun á meðan kynlífi stendur, minni þörf til að hefja kynlíf og lítill áhugi þegar maki leitast eftir því. Þessi einkenni þurfa að hafa verið viðvarandi í minnst 6 mánuði, valda viðkomandi greinilegri vanlíðan og geta ekki verið útskýrð með öðru (eins og ofbeldi af hálfu maka, lyfjanotkun eða öðrum læknisfræðilegum ástæðum) (American Psychiatric Association, 2013).

Bogaert hélt því fram að eikynhneigð og greining á lágri kynlöngun væru algjörlega ótengd fyrirbæri. Rannsóknir hafa sýnt að eikynhneigð er tiltekin kynhneigð sem tengist ekki skirlífi, kynlífsvandamálum né sé afurð áfalla eða raskanna, auk þess hefur fólk með lága kynlöngun yfirleitt áður upplifað kynlöngun gagnvart öðru fólki en ganga í gegnum tímabil þar

sem hún er lág (Bogaert, 2006). Þar sem eikynhneigð sækjast almennt lítið í kynferðislega hegðun má gera ráð fyrir því að auðvelt sé að ranglega greina þau með kynlífsvanda (Chasin, 2014).

Það sjónarmið að fólk þurfi að fá greiningu hjá sálfræðingi til að staðfesta eikynhneigð sína er vandasamt. Vanlíðan sem stafar af því að mæta ekki viðmiðum samfélagsins og/eða áhyggjur af því að líkamlegur kvilli orsaki eikynhneigðina gætu versnað með tilkomu greiningarferla (Prause og Graham, 2007). Aukin fræðsla gæti því dregið úr slíkum áhyggjum. Mikilvægt er að sálfræðingar hjálpi skjólstæðingum að vinna úr vanlíðan án þess að reyna að breyta kynhneigð þeirra. Samtök sálfræðinga í Bandaríkjunum, American Psychological Association, hefur dæmt svokallaðar bælingarmeðferðir (e. conversion therapy) siðlausar (Anton, 2010). Samtökin gerðu ekki ráð fyrir eikynhneigð í skilgreiningu sinni á kynhneigð fyrr en árið 2019 þegar nýjasta útgáfa Publication manual of the American Psychological Association (2019) kom út. Þar til þá bar sálfræðingum ekki skylda að forðast að „lækna hana“ þannig tóku þeir þátt í því að viðhalda jaðarsetningu hópsins (Chasin, 2014). Eikynhneigð hika oft við að greina heilbrigðisstarfsfólki frá kynhneigð sinni af ótta við að verða sjúkdómsgreindir. Þegar þau finna fyrir því að þau mæti skilningi í samskiptum sínum við heilbrigðisstarfsfólk og að virðing sé borin fyrir ákvörðunum þeirra getur það skipt sköpum í að betrumbæta reynslu þeirra (Jones o.fl., 2017).

### *Fjölmiðlar*

Það er ekki oft sem umfjöllun um eikynhneigð dúkkar upp í fjölmiðlum. Hvort sem það er í blöðum, sjónvarpi eða samfélagsmiðlum. Fjölmiðlaumfjöllun er öflug leið til þess að miðla upplýsingum um norm, gildi og staðalmyndir til almennings. Hvernig mismunandi hópar birtast í fjölmiðlum getur þar af leiðandi haft áhrif á viðhorf almennings til þeirra (Hart, 2000). Fjölmiðlar eru oft fyrsti staðurinn þar sem hinsegin einstaklingar komast í kynni við annað hinsegin fólk (Craig og McInroy, 2014). Ungt fólk sem ekki hefur greiðan aðgang að fyrirmyndum eru líklegri til að búa við lakari sjálfsmynd, einmanaleika og einangrun (Dhoest og Simons, 2011). Þrátt fyrir þessi atriði er sýnileiki mismunandi hópa samfélagsins hægt og rólega að verða meiri þar sem má finna örfáa karaktera í sjónvarpi í nútímasamfélagi sem eru opinberlega eikynhneigð. Má þar nefna fremst í broddi Todd Chavez úr Bojack Horseman og Liv Flaherty úr bresku þáttunum Emmerdale en þau eru skrifuð sem flóknir og blæbrigðamiklir karakterar en ekki flatar, einhliða staðalmyndir (Cuthbert, 2021).

Todd Chavez er veigamikil aukapersóna í bandarískum teiknimyndabáttum fyrir fullorðna sem heita Bojack Horseman og eru sýndir á Netflix. Todd er herbergisfélagi Bojack sem er söguhetja þáttanna. Todd er latur en gríðarlega hæfileikaríkur einstaklingur. Í þáttunum má sjá hann ráðast í nokkur viðskiptatækifæri, tala japönsku og semja rokkóperu. Hann kemur sér hins vegar líka reglulega í vandræði sem má skrifa á kæruleysislegan persónuleika hans og lendir hann nokkrum sinnum í fangelsi. Í þriðju þáttaröð kallar önnur sögupersóna Todd eikynhneigðan og upphefst þá ákveðið tímabil innri baráttu á meðan Todd áttar sig á sinni nýju sjálfsm mynd. Í lokapætti þáttaraðarinnar kemur hann svo út sem eikynhneigður. Í þáttaröð sex byrjar hann í sambandi með annarri sögupersónu að nafni Maude sem skilgreinir sig líka sem eikynhneigða (Bob-Waksberg o.fl., 2014).

Liv Flaherty er persóna í breskri sápuóperu sem heitir Emmerdale og er kynnt til sögunnar sem vandræðagemsi frá brotnu heimili og flytur inn til hálfbróður síns. Í gegnum söguna er persónunni fylgt eftir á unglingsárum hennar og þar sést hvernig hún glímir við áfengisvandamál, flogaveiki og togstreituna við að finna ekki fyrir hrifningu af öðrum. Hún kemst síðan að þeirri niðurstöðu að hún sé eikynhneigð og er það í fyrsta skipti sem má sjá eikynhneigðan einstakling í sápuóperu (Hudson, 1972).

Oftar en ekki er birtingarmynd eikynhneigðra í fjölmiðlum ekki jafn úthugsuð og þessir tveir karakterar. Til dæmis má nefna að í þáttaröðinni Sherlock sem gerðir voru af BBC og sýndir frá árunum 2010-2017 grínast sögupersónurnar um það að Sherlock Holmes sé hvorki samkynhneigður né gagnkynhneigður heldur sé hann einhvers konar vitsmunavél og að kynhneigð hans sé engin. Í viðtali við The Guardian sagði Steven Moffat sem er höfundur og framleiðandi þáttanna að Sherlock væri ekki eikynhneigður því ef hann væri það þá væri engin spenna, eða fjör í því. Það að hann haldi aftur af sér vísvitandi er það sem gerir hann áhugaverðan (Jeffries, 2012). Þar með gefur hann í skyn að skírlífi sé eitthvað sem ber að virða eða sé forvitnilegt. Að sama skapi væri Sherlock minna áhugaverður ef hann væri ekki að glíma við einhvers konar kynferðislega togstreitu. Þar sem fjölmiðlar spila viðamikið hlutverk við mótun félagslegra skoðana almennings á einstaka málefnum (Raley og Lucas, 2006) er mikilvægt að viðhalda fræðslu á hinsegin málefnum þar sem glögg augu geta séð að stundum hefur hún misfarist. Má þá sérstaklega nefna viðtal við Paris Hilton nýlega þar sem hún sagði að hún hefði talið sig eikynhneigða þar til hún kynntist manninum sínum. Hún tók fram að hún hefði hræðst kynlíf og vildi helst bara kyssa makana sína fram að því. Hún upplifði það að vera álitin mikið kyntákn í Hollywood en það samræmdest ekki hennar innri tilfinningum. Hún tengdi það við slæmar kynferðislegar upplifanir þegar hún var unglingur og þegar brotið var á

henni með því að birta af henni kynlífsmyndband án hennar leyfis. Hér gæti verið að slæm upplifun og neikvæðar tilfinningar hafi spilað stærra hlutverk í því að hún hafi hallast að því að hún væri eikynhneigð frekar en skortur á hrifningu og kynlöngun (Paris Hilton Is Dropping the Act, 2023). Mögulega má skýra ranga notkun Paris Hilton á hugtakinu við það hversu lítið hefur verið fjallað um eikynhneigð.

### *Upplifun eikynhneigðra*

Upplifun fólks á eigin kynhneigð getur verið mjög persónubundin. Samt sem áður má greina ákveðin mynstur í upplifun eikynhneigðra einstaklinga á kynhneigð sinni og þeim viðbrögðum sem þessi hópur mætir í samfélaginu.

Prause og Graham (2007) tóku viðtöl við fjóra eikynhneigða einstaklinga, einn mann og þrjár konur, í þeim tilgangi að móta tilgátur fyrir stærri rannsókn. Það var mikill breytileiki í svörum þegar kom að kynferðislegri reynslu. Ein konan hélt því fram að hana hefði aldrei á ævi sinni dreymt eða hugsað um að eiga kynferðislegt samneyti við aðra manneskju. Annar þátttakandi lýsti því að þegar hún prófaði að stunda sjálfsfróun hefði hún ekki getað tengt það við ánægju á nokkurn hátt. Ein önnur lýsti reynslu sinni af því að stunda kynlíf með karlmanni sem óþægilegri. Upplifði hún karlmanninn njóta þess að stunda með henni kynlíf og hún hikaði þess vegna við að enda þau kynni. Þátttakendur voru einnig spurðir út í að hversu miklu leyti þau samsvara sig við skilgreiningu á eikynhneigð. Ein svaraði því að hún hefði enga kynferðislega löngun og að kynlíf væri það seinasta sem hana langaði til að hugsa um enda væri það leiðinlegt viðfangsefni. Kvenkyns þátttakendurnir höfðu allar á einhverjum tímamarki haft áhyggjur af því að vera ekki „eðlilegar“. Ein þeirra sagði að hún hefði ekki áhuga á því að eiga kærasta. Á sama tíma lýsti hún áhyggjum af því að hafa aldrei gift sig eða átt kærasta. Áhyggjurnar stöfuðu af því að finnast hún ekki vera eins og aðrir. Eini karlkyns þátttakandinn í rannsókninni lýsti ekki yfir neinum áhyggjum af því að vera eikynhneigður enda væri líf hans alveg nógu áhugavert.

Í bók Decker (2015) um eikynhneigð mátti finna frásögn frá eikynhneigðum manni sem gæti verið dæmigerð fyrir fleiri einstaklinga. Hann lýsti því hvernig hann umgekkst konu sem sýndi honum einlægan áhuga í fleiri, fleiri mánuði en hann upplifði enga kynferðislega löngun til hennar. Honum leið eins og hann ætti að langa til þess að vera með henni og skildi ekki af hverju hann var ekki fær um að framkalla slíkar tilfinningar til hennar.

Reynslusögur eikynhneigðra benda til þess að sum velta því fyrir sér hvort eikynhneigð eigi heima undir hinsegin regnhlífinni. Hafa þá eikynhneigðir einstaklingar orðið fyrir

fordómum á stöðum sem ættu að teljast öruggir (e. safe space) og upplifa ekki öll tengingu við hinsegin hugtakið. Sum lýsa skilningsleysi sem birtist í spurningum varðandi aldur og hvort þau séu viss í sinni sök. Auk þess séu þau oft lesin sem gagnkynhneigð í samfélaginu. Rannsókn Gupta (2017) sem skoðaði viðtöl við 30 eikynhneigða einstaklinga fann nokkur þemu í því hvernig eikynhneigð skilja eigin upplifanir og hvernig þau passa inn í eða stangast á við norm samfélagsins. Almennt er talið að allt fólk sé kynverur. Þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu fundið fyrir fordómum vegna kynhneigðar sinnar svöruðu aðeins 20% þeirra spurningunni neitandi. Mörg þeirra lýstu því þegar þau komu út úr skápnum voru viðbrögð vina og ættingja oft á þann veg að þau ættu að tala við lækni eða sálfræðing svo þau gætu hlotið meðferð við þessari hneigð. Auk þess bentu vinir og ættingjar gjarnan á að þau ættu bara eftir að hitta manneskju sem myndi snúa hug þeirra. Þátttakendur lýstu því einnig að þau fundu fyrir einmanaleika sökum ósýnileika eikynhneigðar í samfélaginu. Mörg þeirra lýstu því einnig að það væri óþægilegt að fara á skemmtistaði þar sem algengt væri að fólk færi þangað í leit að maka. Margar eikynhneigðar konur lýstu því að karlmenn hefðu gjarnan brugðist neikvætt við þegar þær sýndu þeim ekki áhuga. Auk þess upplifðu nokkrir þátttakendur sig einangraða sökum þess hve sjaldan þau sæju umfjöllun um eikynhneigðar sögupersónur í þáttum, bíómyndum eða öðrum miðlum. Þriðjungur þátttakenda sögðust hafa samþykkt að stunda kynlíf á einhverjum tímapunkti þrátt fyrir að vilja það ekki sjálf vegna pressu frá samfélaginu eða maka. Allir þátttakendurnir voru sammála því að vilja auka sýnileika eikynhneigðra.

Tilgangur verkefnisins er að skoða þekkingu og viðhorf einstaklinga í samfélaginu til eikynhneigðar. Var því send út spurningakönnun samin af rannsakendum til þess að meta almenna þekkingu á hugtakinu og hvort fólk kannaðist við umfjöllun á eikynhneigð í fjölmiðlum. Einnig voru spurningar um almennt viðhorf settar fram. Rannsakendur vita ekki til þess að sambærilegar kannanir á þekkingu og viðhorfi til eikynhneigðar hafi verið framkvæmdar hér á landi áður. Málefni eikynhneigðra koma sjaldan upp í almennri umræðu og fá eikynhneigð gjarnan neikvæð viðbrögð frá fólki þegar þau koma út. Í ljósi þess eru tilgátur rannsakenda þær að þekking almennings á málefninu sé lítil. Auk þess er talið að ósýnileiki hópsins geri það að verkum að almenningi þyki ekki þörf á að auka umtal um málefni þeirra. Niðurstöður verða einnig skoðaðar út frá bakgrunnsbreytum á borð við menntun, aldur, kyn og kynhneigð. Rannsakendur leitast eftir því að svara þeirri spurningu hvort að almenningi sé umhugað um þetta málefni og hvort það sé tilefni til þess að auka fræðslu í skólum og sýnileika í fjölmiðlum.

## Könnun

Hér verður fjallað um framkvæmd könnunarinnar. Notast var við meginlega rannsóknaraðferð þar sem viðhorf til eikynhneigðar var skoðað með spurningalista.

### *Þátttakendur*

Alls voru 750 þátttakendur sem svöruðu spurningalistanum. Listinn var sendur út á Facebook sem og í tölvupósti til allra grunnema í Háskóla Íslands, er því um hentugleikaúrtak að ræða. Þátttakendur voru á breiðu aldursbili eða frá 18 ára og fram yfir sjötugt. Helmingur þátttakenda var á bilinu 20-29 ára og 20% voru á aldrinum 30-39 ára. Um 70% þátttakenda voru gagnkynhneigð, 17% voru fjölkynhneigð og tæp 6% þátttakenda voru eikynhneigð. Kynjahlutfall var töluvert skekkt en rúmlega 70% þátttakenda voru konur, 23% voru karlar og rúm 3% voru kynsegin. Varlega þarf að fara í að yfirfæra niðurstöður á almennt þýði þar sem úrtakið er hentugleikaúrtak og flestir þátttakendur konur á aldrinum 20-29 ára.

### *Mælitæki*

Rannsakendur sömdu spurningalistann frá grunni þar sem ekki er til neinn listi á íslensku sem mælir viðhorf og þekkingu á eikynhneigð. Spurningalistinn samanstóð af 17 spurningum. Fimm spurningar sneru að grunnupplýsingum þátttakenda svo sem kyni, kynhneigð, aldri og menntun. Fjórar spurningar könnuðu þekkingu þeirra á hugtakinu eikynhneigð og átta spurningar skoðuðu viðhorf til atriða sem tengjast eikynhneigð. Fyrsta spurningin um þekkingu á eikynhneigð var einfaldlega sú hvort þátttakendur hefðu heyrt minnst á hugtakið, í kjölfarið birtist skilgreining á eikynhneigð á skjánum áður en áfram var haldið með spurningarnar. Ein spurning í þekkingarkaflanum var sérstaklega merkt valfrjáls en hún sneri að hugmyndum fólks um eikynhneigðar persónur í sjónvarpsþáttum eða bíómyndum. Viðhorfsspurningarnar voru á fimm punkta Likert-kvarða frá mjög sammála til mjög ósammála. Þær voru til dæmis: Ég myndi fela það fyrir öðrum ef ég upplifði enga kynferðislega löngun og Mér finnst að fólk ætti að fara til sálfræðings áður en þau skilgreina sig sem eikynhneigð. Þátttaka tók að meðaltali 2 mínútur og 55 sekúndur. Ekki er hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda.

### *Framkvæmd*

Notast var við vefsíðuna Survey Monkey sem er sérhönnuð til að setja upp spurningakannanir. Könnuninni var dreift á Facebook ásamt því að vera send út til allra grunnema við Háskóla

Íslands. Könnunin var aðgengileg í tæpar 4 vikur, frá 20. febrúar til 17. mars. Engin umbun var í boði fyrir þátttöku og því tóku allir þátttakendur þátt af þeirra eigin vilja.

### Úrvinnsla gagna

Gögnum könnunarinnar var hlaðið niður frá Survey Monkey vefsíðunni og færð í Excel. Unnið var með gögnin í Excel og SPSS. Spurningar voru bornar saman í SPSS og forritið notað til að búa til myndir af niðurstöðunum. Gögnunum var eytt að lokinni notkun.

### Niðurstöður

Alls tóku 750 manns þátt í könnuninni. Tæp 70% voru konur, 23% voru karlmenn og 3,35% voru kynsegin (N=25). Auk þess voru 15 einstaklingar sem völdu „annað“ eða vildu ekki svara. Helmingur þátttakenda var á aldrinum 20-29 ára en 20% voru á aldrinum 30-39 ára, 17% voru á aldrinum 40-59 ára og þá voru tæp 5% 60 ára og eldri. Þátttakendur 20 ára og yngri voru 52 talsins. Stærsti hluti þátttakenda voru gagnkynhneigð eða um 70%, en næststærsti hópurinn þar á eftir var fjölkynhneigð en þau voru 17%. Eikynhneigð voru 44 talsins eða tæp 6% þátttakenda. Innan við 5% voru samkynhneigð. Eins og sjá má á töflu 1 svaraði yfirgnæfandi meginhluti þátttakenda spurningunni „Hefur þú heyrt um eikynhneigð?“ játandi eða 86,88%. 12,72% sögðu nei, en einungis 6 aðilar völdu að svara ekki spurningunni. Alls sögðust 25% þátttakenda þekkja eikynhneigðan einstakling en um 44% svöruðu því neitandi, þriðjungur sagðist ekki vera viss.

#### Tafla 1.

##### Þekking á hugtakinu eikynhneigð

	Já	Nei	Er ekki viss	Vil ekki svara
Hefur þú heyrt um eikynhneigð?	86,9%	12,7%	0,00%	0,40%
Þekkir þú einhvern sem er eikynhneigð/ur/t?	25,3%	43,9%	30,7%	0,00%
Dettur þér í hug einhver karakter úr sjónvarpi eða bíómyndum sem gæti verið eikynhneigð/ur/t?	34,2%	40,4%	25,3%	0,1%

Þátttakendur voru beðnir um að svara því hvort þeim dytti í hug einhver karakter úr sjónvarpi eða bíómyndum sem gætu verið eikynhneigð/ur/t en rúm 34% svöruðu játandi og 40% svöruðu neitandi en fjórðungur sagðist ekki vera viss. Í kjölfar þeirrar spurningu voru þau beðin að nefna þá karaktera sem þeim datt í hug ef þau svöruðu játandi en sú spurning var merkt sem valfrjáls. Alls svöruðu 169 þátttakendur valfrjálsu spurningunni með nothæfum svörum. Hreinsuð voru út 43 svör sem rannsakendur töldu ekki nothæf meðan 537 þátttakendur slepptu spurningunni alfarið. Tvö svör komu oftast fram. Algengasta svarið var sögupersóna að nafni Todd Chavez úr þáttunum Bojack Horseman en hann var nefndur 49 sinnum. Þar á eftir kom Sheldon Cooper úr The Big Bang Theory en hann var nefndur í 37 skipti. Þriðja algengasta svarið var Florence úr Sex Education með 18 svör. Cash úr Heartbreak High var nefndur tíu sinnum en öll önnur svör voru nefnd sjaldnar.

Tafla 2 sýnir niðurstöður allra viðhorfsspurninganna í könnuninni. Yfir 63% þátttakenda svöruðu spurningunni um hvort þeim fyndist að eikynhneigð ætti að vera meira í umræðunni með möguleikunum „mjög sammála“ og „nokkuð sammála“. Vert er þó að nefna að þriðjungur svaraði hlutlaust og 7% fannst ekki þörf á frekari umræðu. Um 20% þátttakenda töldu að eikynhneigð gæti verið afleiðing áfalla eða raskanna og 37% þátttakenda vildu ekki taka afstöðu. Um 27% þátttakenda sögðust myndu fela það ef þau upplifðu enga kynferðislega löngun og 26% sögðust vera hlutlaus. Þátttakendum finnst tilhugsunin um að koma sjálft út úr skápnem greinilega erfiðari en tilhugsunin um að einhver nákominn geri það. Tæp 90% þátttakenda taldi að þeim myndi ekki finnast það erfitt (ef einhver nákominn kæmi út). Rúmlega 10% sögðust vera annaðhvort sammála því eða hlutlaus að eikynhneigð séu í raun bara að leitast eftir athygli. Svipaðar niðurstöður komu í ljós þegar þátttakendur voru spurðir hvort eikynhneigðir einstaklingar ættu eftir að hitta réttu manneskjuna sem myndi snúa hug þeirra. Ef teknir eru saman dálkarnir sem eru sammála og hlutlausir í spurningunni um hvort eikynhneigt fólk séu í raun bara að leitast eftir athygli má sjá að 10% þátttakenda velja þau svör. Svipaðar niðurstöður má finna í spurningunni um hvort þau sem eru eikynhneigð ættu eftir að hitta réttu manneskjuna sem myndi snúa hug þeirra.



## Tafla 2.


### Viðhorf til málefna eikynhneigðra

	Mjög sammála	Nokkuð sammála	Hlutlaus	Nokkuð ósammála	Mjög ósammála
Mér finnst að eikynhneigð eigi að vera meira í umræðunni	37,2%	26,2%	29,4%	4,0%	3,2%
Mér finnst að skólar eigi að fjalla um eikynhneigð í kynfræðslu	59,3%	2,4%	12,6%	2,5%	3,2%
Ég tel að eikynhneigð sé afleiðing áfalla eða raskana	4,0%	14,3%	37,5%	21,3%	22,9%
Ég myndi fela það fyrir öðrum ef ég upplifði enga kynferðislega löngun	3,5%	23,8%	25,8%	28,9%	17,9%
Mér myndi finnast erfitt ef einhver nákominn mér kæmi út sem eikynhneigð/ur/t	0,9%	2,8%	7,4%	16,0%	72,9%
Ég tel að þau sem skilgreini sig sem eikynhneigð séu að leitast eftir athygli	1,9%	1,7%	7,4%	16,6%	72,4%
Ég tel að þau sem eru eikynhneigð eigi eftir að hitta réttu manneskjuna sem snúi hug þeirra	1,5%	6,6%	23,9%	22,9%	45,1%
Mér finnst að fólk ætti að fara til sálfræðings og ræða málin áður en þau skilgreina sig sem eikynhneigð	4,1%	13,4%	24,7%	22,0%	35,7%

Eins og sjá má á mynd 1 höfðu hlutfallslega flest þeirra sem voru mjög sammála því að fjalla eigi um eikynhneigð í kynfræðslu einnig hakað í „annað“ þegar spurt var um kynhneigð þeirra. Sem gefur til kynna að þeirra kynhneigð hafi ekki verið í boði í svarmöguleikunum í þeirri spurningu. Næst þar á eftir var hópur eikynhneigðra og fjölkynhneigðra. Fámennasti hópur þeirra sem var mjög sammála eru gagnkynhneigð og jafnframt stærsti hópurinn sem er mjög ósammála því að fjalla eigi um efnið í kynfræðslu.

## Mynd 1.


Samanburður milli kynhneigða hvort fjalla eigi um eikynhneigð í kynfræðslu



Á mynd 2 sést að flestir eru mjög ósammála því að fólk eigi að fara til sálfræðings áður en þau skilgreina sig sem eikynhneigð. Hlutfallslega voru eikynhneigð sjálf langhæst í þeim hóp. Gagnkyhneigð voru minnsti hópurinn þar en voru að sama skapi sá stærri af einungis tveimur sem svöruðu mjög sammála við spurningunni.

## Mynd 2.

Samanburður á kynhneigð og skoðun þess að fara til sálfræðings




Flestir þátttakendur sögðust vera nokkuð ósammála því að þau myndu fela það fyrir öðrum þau upplifðu enga kynferðislega löngun en mjög lítill hluti valdi mjög sammála eins og sjá

má á mynd 3. Fjórðungur vildi ekki taka afstöðu. En samanlagt eru mjög sammála og nokkuð sammála um þriðjungur þátttakenda.

### Mynd 3.


*Niðurstöður þess hvort þátttakendur myndu fela kynlöngun sína*



Mynd 4 sýnir að stærsti hluti þeirra sem voru ósammála því að eikynhneigð gæti verið afleiðing áfalla eða raskana eru á aldrinum 20-29 ára en sá hópur sem var líklegastur til að trúá því er á aldrinum 30-39 ára.

### Mynd 4.

*Aldursbil og skoðanir þeirra á orsökum eikynhneigðar*



## Umræða

Markmið verkefnisins var að skoða þekkingu og viðhorf einstaklinga í samfélaginu til eikynhneigðar. Rannsakendur vildu svara þeirri spurningu hvort almenningi sé umhugað um málefni eikynhneigðra og hvort það sé tilefni til þess að auka fræðslu í skólum og sýnileika í fjölmiðlum. Tilgátur rannsakenda voru þær að þekking almennings á málefninu væri lítil og að almenningur teldi ekki þörf fyrir aukin sýnileika. Það má segja að tilgátur hafi ekki fyllilega staðist að því leytnu til að meirihluti þátttakenda sögðust þekkja hugtakið og sömuleiðis kom á óvart að fjórðungur þátttakenda sagðist þekkja eikynhneigðan einstakling. Þetta kom rannsakendum á óvart en þar sem ósýnileiki hugtaksins er vel skjalfestur var talið að mun færri myndu þekkja hugtakið og hvað þá að þekkja einhvern sem hefur komið út úr skápnemum sem eikynhneigður. Þar sem könnunin var send á grunnnema í Háskóla Íslands gæti þó verið að hópurinn sem svaraði þaðan sé betur að sér í þessum efnum en hinn almenni borgari sökum öflugrar félagsstarfsemi á háskólasvæðinu. Q - félag hinsegin stúdenta hvetur t.d. til fjölbreyttrar umræðu um hin ýmsu málefni sem dúkka ekki jafn gjarnan upp í almennri umræðu.

Yfir helmingur þátttakenda voru sammála því að eikynhneigð ætti að vera meira í umræðunni sem stemmir ekki heldur við tilgátur rannsakenda þar sem talið var að almenningur sæi ekki ástæðu til að draga málefnið meira fram í umræðuna. Þetta er jákvæð niðurstaða sem gefur til kynna að málefni eikynhneigðra eigi fullt erindi í almenna umræðu. Þótt meirihluti svarenda telji þörf fyrir sýnileika er vert að hafa á bak við eyrað að þriðjungur þeirra hafði ekki skoðun á málinu sem sýnir að þótt hlutirnir séu í réttum farveg er ennþá nokkur spölur í land. Áhugavert var að sjá hversu mörg eikynhneigð svöruðu könnuninni en þau voru tæplega 6% þátttakenda. Ef við miðum við líkindarannsókn Bogaerts (2004) á eikynhneigð sem sýndi fram á að um 1% Bretu væru eikynhneigð og setjum það í samhengi við íslenskar tölur, þá eru fullorðnir (18+) Íslendingar um 303.000 talsins eins og staðan er í dag. Þá má áætla að um 3.000 Íslendinga séu eikynhneigð og þar með 1,4% af þeim sem tóku þátt í þessari könnun. Líklegt er að titill könnunarinnar hafi vakið áhuga eikynhneigðra og þar með hvatt þau til svara umfram aðra.

Í valfrjálssu spurningunni um hvort fólk gæti nefnt karakter úr sjónvarpi eða bíómyndum voru tvö svör sem komu áberandi oftast fyrir. Það voru sögupersónurnar Todd Chavez úr teiknimyndarþáttaröðinni Bojack Horseman og Sheldon Cooper úr Big Bang Theory. Ekki kemur á óvart að Todd sé nefndur eins oft og hann var enda einn af örfáum persónum í sjónvarpi sem er opinberlega eikynhneigður. Athyglisvert, þótt það hafi ekki komið að óvörum,

var að sjá að næst algengasta persónan hafi verið Sheldon Cooper í ljósi þess að Sheldon er í ástarsambandi í þáttaröðunum og giftist á endanum. Persónuleiki Sheldon er mjög stífur, skipulagður og vélrænn en það eru eiginleikar sem fólk tengir frekar við vélmenni frekar en mannlegt eðli (Lorre og Prady, 2007). Þetta kemur þó heim og saman við niðurstöður MacInnis og Hodson (2012) þar sem þau sýndu fram á að eikynhneigð væru líklegri til að vera álitin ómannleg eða vélræn. Niðurstöður benda því til þess að það hafi ekki orðið mikil breyting á viðhorfi almennings frá árinu 2012 þegar sú rannsókn var gerð og almennu viðhorfi dagsins í dag árið 2023. Florence úr Sex Education á Netflix var einnig algengt svar í könnuninni, en það er sögupersóna sem kom bara fram í einum þætti í allri þáttaröðinni. Í einni senu mætir Florence til sálfræðings í skólanum þar sem hún hefur áhyggjur af því að það sé eitthvað „að“ henni þar sem hún hefur engan áhuga á kynlífi og sér ekki fram á að það muni nokkurn tímann breytast. Sú sena er líklegast bæði eftirminnileg vegna þess hversu sjaldan persónur í þáttum lýsa slíkum tilfinningum en einnig vegna þess hve einlæglega sálfræðingurinn kom því til skila hvað eikynhneigð þýðir og að það væri alls ekkert „að“ Florence (Nunn o.fl. 2019).

Áhugavert var að sjá að hópurinn sem hakaði við „annað“ í spurningunni um kynhneigð var mest sammála því að fjalla ætti um eikynhneigð í kynfræðslu. Mögulegt er að svarendur vilji að fjallað sé um eikynhneigð í kynfræðslu því það auki líkurnar á frekari fræðslu um mismunandi kynhneigðir sem þau telja sig tilheyra. Eins og í viðtölunum fyrir rannsókn Gupta (2017) kom fram að eikynhneigð mættu oft miklu skilningleysi frá almenningi þegar þau koma út úr skápnunum, er ekki erfitt að ímynda sér að þau sem hökuðu í „annað“ í könnun þessarar rannsóknar gætu einnig óttast slíkt skilningsleysi og þann einmanaleika sem getur fylgt því.

Það var leitt að sjá hversu margir þátttakendur töldu að eikynhneigð gæti verið afleiðing áfalla, raskana eða vildu ekki taka afstöðu til þess. En samanlagt var það rúmlega helmingur þátttakenda sem höfðu slík viðhorf. Þetta eru niðurstöður sem valda vonbrigðum þar sem rannsóknir hafa sýnt að eikynhneigð sé ekki afurð áfalla eða raskana (Bogaert, 2006). Þær koma þó ekki alveg á óvart þar sem þetta er algengur misskilningur. Eins og Jones o.fl. (2017) komust að í rannsókn sinni eiga eikynhneigð það til að hika við að segja heilbrigðisstarfsfólki frá kynhneigð sinni af ótta við að verða sjúkdómsgreind. Sá ótti er vel skiljanlegur ef viðhorf almennings samsvarar í raun niðurstöðum þessarar rannsóknar. Mikilvægt er að eikynhneigð séu ekki ranglega greind með lága kynlöngun þar sem mörg einkenni lágrar kynlöngunar svipar til eikynhneigðar. Einn mikilvægur þáttur sem aðgreinir þessa hópa er sá að eikynhneigð upplifa ekki vanlíðan vegna skorts á kynlöngun. Einnig geta eikynhneigð fundið fyrir kynlöngun en tengja hana hins vegar ekki við annað fólk. Fólk sem hefur verið greint með lága

kynlöngun hefur upplifað kynlöngun gagnvart öðrum áður (Bogaert, 2006). Það er því sérstaklega mikilvægt fyrir heilbrigðisstarfsfólk að þekkja þennan greinarmun, þ.e. að gera sér grein fyrir þeim fordómum sem eikynhneigð upplifa í samfélaginu sem gæti stuðlað að því að þau hiki við að segja frá kynhneigð sinni svo hægt sé að veita þeim viðeigandi heilbrigðisþjónustu.

Rúmlega fjórðungur þátttakenda sögðust myndu fela það ef þau upplifðu enga kynferðislega löngun og annar fjórðungur sagðist vera hlutlaus. Af þeim svarendum voru konur í meirihluta og karlar þar á eftir. Þetta gengur heim og saman við niðurstöður Karen Cuthbert (2021) þar sem hún komst að því að eikynhneigðar konur mættu meira mótlæti en eikynhneigðir karlar þegar þær kæmu út úr skápnunum. Hér má greinilega sjá ákveðna fordóma þar sem helmingur fólks myndi ekki vilja opna sig um þessar tilfinningar sínar. Þetta rennir stoðum undir það sem eikynhneigð hafa sagst upplifa, að fólk sé ekki alltaf tilbúið að samþykkja kynhneigð þeirra. Það er einhver skömm sem fylgir því að vera ekki eins og „allir hinir“. Fólki finnst tilhugsunin um að koma sjálft út úr skápnunum greinilega erfiðari en tilhugsunin um að einhver nákominn geri það því tæp 90% þátttakenda taldi að þeim myndi ekki finnast það erfiðt. Það er áhugavert að sjá að fólk virðist vera umburðarlyndara gagnvart öðrum en sjálfum sér og þá möguleiki að það sé ekki jafn mikil áskorun fyrir eikynhneigða að koma út úr skápnunum til sinna nánustu og það væri að koma út til samfélagsins alls.

Rúmlega 10% sögðust vera annaðhvort sammála því eða hlutlaus þeirri fullyrðingu að eikynhneigð séu í raun bara að leitast eftir athygli. Svipaðar niðurstöður komu í ljós þegar þátttakendur voru spurðir hvort eikynhneigð ættu eftir að hitta réttu manneskjuna sem myndi snúa hug þeirra. Þar sem Su og Zheng (2023) komust að því að ekki sé mikill breytileiki á eikynhneigð milli menningarheima mætti álykta að það sama ætti við um Ísland. Ef eikynhneigð væru að skilgreina sig á þann hátt einungis til að fá athygli myndu niðurstöður rannsókna á eikynhneigð líklegast ekki samræmast endurtekið milli menningarheima. Sömu rök mætti nota fyrir það ef eikynhneigð ættu eftir að hitta manneskju sem myndi snúa hug þeirra.

Þau sem voru ósammála því að fólk ætti að fara til sálfræðings og ræða málin áður en þau skilgreindu sig sem eikynhneigð voru flest eikynhneigð, fjölkynhneigð og þau sem hökuðu í annað þegar spurt var um kynhneigð. Þetta eru því helstu jaðarhóparnir sem eru ósammála þessari afstöðu. Þetta kemur ekki á óvart þar sem líklegt er að þessir hópar geti speglað sig í upplifun eikynhneigðra og hafa mjög líklega upplifað fordóma á eigin skinni. Þau vita best hvernig þeim líður og þurfa ekki leiðsögn sálfræðings um þeirra eigin kynhneigð. Þau vilja að

öllum líkindum frekar fá að vera þau sjálf og finna fyrir samþykki samfélagsins til þess. Gagnkynhneigð voru líklegri til að vera sammála því að fólk ætti að leita til sálfræðings áður en það kæmi út sem eikynhneigt. Þar sem gagnkynhneigðarhyggja er ríkjandi norm samfélagsins upplifa gagnkynhneigð alla jafna ekki jaðarsetningu varðandi kynhneigð sína og því gætu leynst duldir fordómar gagnvart öðrum kynhneigðum í þessum svörum.

Í þessari könnun var viðhorf og þekking almennings skoðuð en gaman væri að gera rannsókn á upplifun eikynhneigðra á Íslandi. Hvernig þau upplifa að þeim sé tekið í samfélaginu og sjá hvort niðurstöður stemmi við aðrar erlendar rannsóknir. Áhugavert væri líka að framkvæma líkindarannsókn á landsvísu og kanna hversu margir Íslendingar skilgreina sig sem eikynhneigða. Með því að varpa ljósi á fjölda eikynhneigðra væri betur hægt að gera sér grein fyrir þörf á aukinni fræðslu um málefnið svo almenningur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að taka tillit til þeirra í skólastarfi, atvinnu og í almennri umræðu.

Annmarkar á þessari rannsókn eru að notast var við hentugleikaúrtak, spurningalistinn sem notaður var í könnuninni var frumsaminn og ekki staðfærður á formlegan hátt. Kynjahlutfall þátttakenda var einnig mjög skekkt. Við leggjum til að framtíðarrannsóknir á þessu málefni notist við stærra úrtak sem valið væri með slembiúrtaki. Þegar á heildina er litið eru rannsóknir á eikynhneigð enn á frumstigi og því þörf á mun fleiri rannsóknum til þess að skilja til hlítar hvernig sú kynhneigð fellur inn í víðara landslag mannglegrar kynhneigðar.

## Heimildaskrá

- American Psychiatric Association. (2013). *DSM-5: Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders* (5. útg.). <https://doi.org/10.1176/appi.books.9780890425787>
- American Psychological Association. (2020). *Publication manual of the American Psychological Association* (7. útg.). <https://doi.org/10.1037/0000165-000>
- Anton, B. S. (2010). Proceedings of the American Psychological Association for the legislative year 2009: Minutes of the annual meeting of the Council of Representatives and minutes of the meetings of the Board of Directors. *American Psychologist*, 65, 385–475.  
<https://doi.org/10.1037/a0019553>
- Belous, C. K. og Bauman, M. L. (2017). What's in a name? Exploring pansexuality online. *Journal of Bisexuality*, 17(1), 58–72. <https://doi.org/10.1080/15299716.2016.1224212>
- Bob-Waksberg, R., Arnett, W. og Bright, N. (aðalframleiðendur). (2014). Bojack Horseman [sjónvarpsþáttasería]. Netflix.
- Bogaert, A. F. (2004). Asexuality: Prevalence and associated factors in a national probability sample. *The Journal of Sex Research*, 41(3), 279–287. <https://doi.org/10.1080/00224490409552235>
- Bogaert, A. F. (2006). Toward a conceptual understanding of asexuality. *Review of General Psychology*, 10(3), 241–250. <https://doi.org/10.1037/1089-2680.10.3.241>
- Brotto, L. A., Knudson, G., Inskip, J., Rhodes, K. og Erskine, Y. (2010). Asexuality: A mixed-methods approach. *Archives of Sexual Behavior*, 39(3), 599–618.  
<https://doi.org/10.1007/s10508-008-9434-x>
- Chasin, C. D. (2014). Making sense in and of the asexual community: Navigating relationships and identities in a context of resistance. *Journal of Community & Applied Social Psychology*, 25(2), 167–180.



- Craig, S. L. og McInroy, L. (2014). You can form a part of yourself online: The influence of new media on identity development and coming out for LGBTQ Youth. *Journal of Gay & Lesbian Mental Health*, 18(1), 95–109. <https://doi.org/10.1080/19359705.2013.777007>
- Cuthbert, K. (2021). Asexuality and epistemic injustice: A gendered perspective. *Journal of Gender Studies*, 31(7), 840–851. <https://doi.org/10.1080/09589236.2021.1966399>
- Decker, J. (2015). *The Invisible Orientation*. Skyhorse Publishing.  
<https://www.perlego.com/book/506389/the-invisible-orientation-pdf>
- Dhoest, A. og Simons, N. (2011). Questioning Queer Audiences. Í *The Handbook of Gender, Sex, and Media* (bls. 260–276). John Wiley & Sons, Ltd.  
<https://doi.org/10.1002/9781118114254.ch16>
- Foster, A. B. (2017). *Measuring social invisibility and erasure: Development of the Asexual Microaggressions Scale* [Doktorsritgerð, Columbia University]. Core.  
<https://core.ac.uk/download/pdf/161457584.pdf>
- Government Equalities Office. (2018). *National LGBT Survey: Summary report* [PDF].  
[https://assets.publishing.service.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment\\_data/file/722314/GEO-LGBT-Survey-Report.pdf](https://assets.publishing.service.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/722314/GEO-LGBT-Survey-Report.pdf)
- Gupta, K. (2017). What does asexuality teach us about sexual disinterest? Recommendations for health professionals based on a qualitative study with asexually identified people. *Journal of Sex & Marital Therapy*, 43(1), 1–14. <https://doi.org/10.1080/0092623X.2015.1113593>
- Guz, S., Hecht, H. K., Kattari, S. K., Gross, E. B. og Ross, E. (2022). A Scoping review of empirical asexuality research in Social Science Literature. *Archives of Sexual Behavior*, 51(4), 2135–2145. <https://doi.org/10.1007/s10508-022-02307-6>
- Hart, K.-P. R. (2000). Representing gay men on american television. *The Journal of Men's Studies*, 9(1), 59–79. <https://doi.org/10.3149/jms.0901.59>
- Hudson, J. (aðalframleiðandi). (1972). *Emmerdale* [sjónvarpsþáttasería]. ITV Studios.

- Jeffries, S. (2012, 20. janúar). „There is a clue everybody’s missed’“: Sherlock writer Steven Moffat interviewed. *The Guardian*. <https://www.theguardian.com/tv-and-radio/2012/jan/20/steven-moffat-sherlock-doctor-who>
- Jones, C., Hayter, M. og Jomeen, J. (2017). Understanding asexual identity as a means to facilitate culturally competent care: A systematic literature review. *Journal of Clinical Nursing*, 26(23–24), 3811–3831. <https://doi.org/10.1111/jocn.13862>
- Lorre, C. og Prady, B. (aðalframleiðendur). (2007). *The Big Bang Theory* [sjónvarpsþáttasería]. Chuck Lorre Productions og Warner Bros Television Studios.
- Nunn, L., Campbell, J., Couchman, C. og Taylor, B. (aðalframleiðendur). (2019). *Sex Education* [sjónvarpsþáttasería]. Netflix.
- MacInnis, C. C. og Hodson, G. (2012). Intergroup bias toward „Group X“: Evidence of prejudice, dehumanization, avoidance, and discrimination against asexuals. *Group Processes & Intergroup Relations*, 15(6), 725–743. <https://doi.org/10.1177/1368430212442419>
- MacNeela, P. og Murphy, A. (2015). Freedom, invisibility, and community: A qualitative study of self-identification with asexuality. *Archives of Sexual Behavior*, 44(3), 799–812. <https://doi.org/10.1007/s10508-014-0458-0>
- Mollet, A. L. (2023). „It’s easier just to say I’m queer“: Asexual college students’ strategic identity management. *Journal of Diversity in Higher Education*, 16, 13–25. <https://doi.org/10.1037/dhe0000210>
- Paris Hilton Is Dropping the Act*. (2023, 16. febrúar). Harper’s BAZAAR. <https://www.harpersbazaar.com/culture/features/a42861841/paris-hilton-memoir-interview-2023/>
- Prause, N. og Graham, C. A. (2007). Asexuality: Classification and characterization. *Archives of Sexual Behavior*, 36(3), 341–356. <https://doi.org/10.1007/s10508-006-9142-3>

- Raley, A. B. og Lucas, J. L. (2006). Stereotype or success? Prime-time television's portrayals of gay male, lesbian, and bisexual characters. *Journal of Homosexuality*, 51(2), 19–38.  
[https://doi.org/10.1300/J082v51n02\\_02](https://doi.org/10.1300/J082v51n02_02)
- Robbins, N. K., Low, K. G. og Query, A. N. (2016). A qualitative exploration of the „Coming out“ process for asexual individuals. *Archives of Sexual Behavior*, 45(3), 751–760.  
<https://doi.org/10.1007/s10508-015-0561-x>
- Robinson, B. A. (2016). Heteronormativity and homonormativity. Í *The Wiley Blackwell Encyclopedia of Gender and Sexuality Studies* (bls. 1–3). John Wiley & Sons, Ltd.  
<https://doi.org/10.1002/9781118663219.wbegss013>
- Su, Y. og Zheng, L. (2023). Stability and change in asexuality: Relationship between sexual/romantic attraction and sexual desire. *The Journal of Sex Research*, 60(2), 231–241.  
<https://doi.org/10.1080/00224499.2022.2045889>
- The Asexual Visibility and Education Network. (2023, 28. mars). About AVEN. Asexuality.org.  
<https://asexuality.org/?q=about.html>
- Winer, C., Carroll, M., Yang, Y., Linder, K. og Miles, B. (2022). „I didn't know ace was a thing“: Bisexuality and pansexuality as identity pathways in asexual identity formation. SocArXiv.  
<https://doi.org/10.31235/osf.io/agnd8>
- Yule, M. A., Brotto, L. A. og Gorzalka, B. B. (2013). Mental health and interpersonal functioning in self-identified asexual men and women. *Psychology & Sexuality*, 4(2), 136–151.  
<https://doi.org/10.1080/19419899.2013.774162>

## **Viðauki 1 - spurningalisti**

### **Almennar spurningar**

1. Hvert er kyn þitt?
2. Hver er aldur þinn?
3. Hver er kynhneigð þín?

### **Þekkingarspurningar**

4. Hefur þú heyrt um eikynhneigð?
5. Þekkir þú einhvern sem er eikynhneigð/ur/t?
6. Dettur þér í hug einhver karakter úr sjónvarpi eða bíómyndum sem gæti verið eikynhneigð/ur/t?
7. Ef já, vilt deila með okkur hver það er?

### **Viðhorfsspurningar**

8. Mér finnst eikynhneigð eigi að vera meira í umræðunni.
9. Mér finnst að skólar eigi að fjalla um eikynhneigð í kynfræðslu.
10. Ég tel að eikynhneigð sé afleiðing áfalla eða raskana.
11. Ég myndi fela það fyrir öðrum ef ég upplifði enga kynferðislega löngun.
12. Mér myndi finnast erfitt ef einhver nákominn mér kæmi út sem eikynhneigð/ur/t.
13. Ég tel að þau sem skilgreini sig sem eikynhneigð séu að leitast eftir athygli.
14. Ég tel að þau sem eru eikynhneigð eigi eftir að hitta réttu manneskjuna sem snúi hug þeirra.
15. Mér finnst að fólk ætti að fara til sálfræðings og ræða málin áður en þau skilgreina sig sem eikynhneigð.

### **Almennar spurningar**

16. Hver er hjúskaparstaða þín?
17. Hvert er hæsta menntunarstig sem þú hefur lokið?

## **Viðauki 2 - einföld skilgreining á eikynhneigð.**

Eikynhneigð (Asexuality) er almennt skilgreind sem að laðast aldrei eða nær aldrei kynferðislega að öðru fólki. Sumt eikynhneigt fólk hefur kynhvöt en hefur ekki áhuga á að fullnægja henni með öðru fólki. Annað eikynhneigt fólk hefur litla eða enga kynhvöt. Sumt eikynhneigt fólk hefur eingöngu áhuga á rómantískum samböndum án kynferðislegrar snertingar.

*-Byggt á skilgreiningu frá otila.is*